


Fjallabyggð



Menningarmál

Málaflokkur 05

**Kristinn J. Reimarsson,
deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála**

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

Starfsáætlun

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar - Menningarmál - Greinargerð

Framtíðarsýn menningarmála í Fjallabyggð

Í Fjallabyggð er auðug og metnaðarfull menningarstarfsemi sem byggð er á góðu samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Allir íbúar eiga kost á að njóta menningarlífs og eru virkir þátttakendur í menningarstarfi. Menning gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnulífi sveitarfélagsins og er mikilvæg fyrir aðdráttarafl þess til búsetu og fyrir ímynd sveitarfélagsins. Aðstaða fyrir menningarstarfsemi er til fyrirmyndar og góð skilyrði fyrir varðveislu, ræktun og miðlun menningararfs. Lögð er áhersla á fagmennsku og skapandi, lifandi listastarfsemi. Hlúð er að menningu sem fyrir er og góðar forsendur eru fyrir nýsköpun á sviði menningarmála.

Hlutverk sveitarfélagsins samkvæmt menningarstefnu Fjallabyggðar

Fjallabyggð stefnir að því að verða leiðandi aðili í menningarstarfi í sveitarfélaginu með stuðningi og hvatningu til þeirra sem starfa að menningarmálum. Sveitarfélagið ætlar að tryggja nægilegt fjármagn til málaflokksins til að framfylgja stefnu þessari og mun stuðla að góðri nýtingu þeirra fjármuna.

Hlutverk deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála

Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála hefur umsjón með menningarmálum Fjallabyggðar og sinnir stjórnarsýsluverkefnum sem varðar þennan málaflokk.

Deildarstjóri er menningarstofnunum sveitarfélagsins til ráðgjafar um rekstur og hefur umsjón með þjónustusamningum vegna aðkeyptrar þjónustu á starfssviði hans. Hann er auk þess ráðgjafi bæjarstjóra og bæjarstjórnar í menningarmálum.

Deildarstjóri hefur umsjón með menningartengdum viðburðum á vegum sveitarfélagsins og stýrir verkefnum sem varða samræmingu og samþættingu á milli stofnana Fjalla- byggðar á sviði menningar. Hann hefur auk þess frumkvæði að nýsköpun og þróun í þessum málaflokki.

Helstu verkefni

Helstu verkefni sem heyra undir málaflokkinn 05 eru;

1. Rekstur bóka- og héraðsskjalasafns
2. Rekstur menningarhússins Tjarnarborgar
3. Rekstur listaverkasafns
4. Bæjarlistamaður
5. Menningarstyrkir
6. Menningarviðburðir

Bóka- og héraðsskjalasafn

Sjá sérskjal – starfsáætlun Bóka- og héraðsskjalasafns.

Menningarhúsið Tjarnarborg

Hlutverk

Menningarhúsið Tjarnarborg gegnir því hlutverki að vera samkomustaður fyrir íbúa Fjallabyggðar og gesti þeirra þar sem þeir geta notið fjölbreyttra menningarviðburða af ýmsum toga. Húsið er leigt út fyrir hina ýmsu mannfagnaði.

Markmið

Að í boði verða menningarviðburðir, samkomur o.fl. sem íbúar Fjallabyggðar og gestir þeirra geti sótt allt árið.

Helstu verkefni 2016

Fyrir liggur að fara þarf í töluverðar viðhaldsframkvæmdir á húsinu. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir 5.000.000 kr. í viðhaldsframkvæmdir sem eru; skipta um járn á þaki, skipta um rafmagnstöflu, endurnýja gler á jarðhæð auk minni viðhaldsframkvæmda.

Af einstökum viðburðum í húsinu er gert ráð fyrir að fyrirferðamest verði uppfærsla Leikfélags Fjallabyggðar á nýju verki vorið 2016. Af öðrum viðburðum má nefna;

- Árshátíðir grunnskólans
- Árshátíð MTR
- Tónfundir Tónskóla Fjallabyggðar
- Skammdegishátíð og viðburðir á vegum Listhússins
- Blues-hátíð í lok júní
- Berjardagar, klassísk tónlistarhátt um miðjan ágúst.

Lykiltölur

Hér getur á að líta nokkrar tölulegar upplýsingar um Tjarnarborg.

- Starfsmannafjöldi = 1
- Stöðugildi = 1
- Heildarstærð húsnæðis = 727 fm undir starfsemi Tjarnarborgar. 895,5 fm með Tónskólanum.
- Rekstartölur

	2015			2014			Breyting á milli árána 2015 og 2014	
	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur	Hreyfing	Áætluð hreyfing	Mismunur		
Tekjur samtals:	2.043.494	1.653.000	390.494	2.248.216	1.817.000	431.216	204.722	-10.0%
Laun og launat. gjöld:	5.884.726	4.072.000	- 1.812.726	4.309.472	4.307.000	-2.472	1.575.254	26.8%
Vörukaup samtals:	1.393.066	1.691.000	297.934	1.330.899	1.400.000	69.101	62.167	4.5%
Þjónustukaup samtals:	7.008.184	7.386.000	377.816	7.396.633	7.113.000	-283.633	-388.449	-5.5%
Annað samtals:	667.468	538.000	-129.468	165.769	520.000	354.231	501.699	75.2%
Samtals:	12.909.950	12.034.000	-876.950	10.954.557	11.523.000	568.443	1.955.393	15.1%

Fjöldi viðburða (2015/2014/2013)						
Viðburðir	2015		2014		2013	
	Fjöld	Dagar	Fjöldi	Dagar	Fjöldi	Dagar
Spilavist KF	715	27	204	17	180	9
KF - annað	327	4	200	2	710	6
MTR	284	4	350	4	195	4
Grunnskóli	520	5	451	5	2.015	30
Tónskóli	537	8	25	1	360	11
Stjórnsýsla - fundir	101	4	185	12	165	6
Leikfélagið - æfingar	0	0	700	28	320	16
Leikfélagið - sýningar	0	0	1.200	8	910	7
Listhúsið	60	6	250	20	110	6
Tjarnarborg	971	14	946	16	1.100	19
Útleiga - fundir	653	15	416	7	245	11
Útleiga - erfidrykkja	2.456	14	1.070	6	762	5
Útleiga - veislur	775	9	830	8	1.220	10
Úteiga - skemmtun	777	7	770	5	410	4
Útleiga - ættarmót	198	3	490	3	450	3
Útleiga - tónleikar	1277	12	610	8	1.110	13
Annað	361	12	291	12	200	15
Samtals:	10.012	144	8.988	162	10.462	175

Fjöldi heimsóknna/gesta eftir mánuðum (2015/2014/2013)

	2015		2014		2013	
	Fjöldi	Dagar	Fjöldi	Dagar	Fjöldi	Dagar
Janúar	541	11	243	7	605	12
Febrúar	428	8	934	22	460	16
Mars	899	13	632	12	1.050	17
Apríl	953	15	750	11	855	14
Maí	1.465	16	746	20	940	15
Júní	550	5	1.207	10	926	19
Júlí	842	7	590	16	1.000	6
Ágúst	620	5	355	12	770	10
September	449	10	510	12	431	5
Október	984	18	1.346	21	855	20
Nóvember	949	18	1.030	9	1.435	21
Desember	1.332	18	600	10	1.135	20
Samtals:	10.012	144	8.943	162	10.462	175

Framtíðarsýn

Búið er að vinna skýrslu um framtíðarsýn fyrir Menningarhúsið Tjarnarborg. Að mati vinnuhópsins er vann skýrsluna er nauðsynlegt að starfsemi í Tjarnarborg sé sem fjölbreyttust og höfði til íbúa á öllum aldri og því má ekki einblína um of á of þrönga merkingu á hugtakinu „**Mening**“ því í víðasta skilningi er menning allt sem við gerum og upplifum. Markmið með starfsemi Tjarnarborgar á að vera að íbúar bæjarfélagsins geti upplifað menningu í víðasta skilningi og upplifað viðburði sem næra líkama og sál.

Listaverkasafn Fjallabyggðar

Hlutverk

Hlutverk safnsins er að varðveita listaverkeign Fjallabyggðar þar sem uppistaðan er listaverkagjöf hjónanna Arngríms Ingimundarsonar og Bergþóru Jóelsdóttur.

Markmið

Að halda utan um listaverkageign Fjallabyggðar og standa fyrir sýningum á þeim íbúum og gestum Fjallabyggðar til ánægju og fróðleiks. Jafnframt skal standa fyrir sýningum á listaverkum annarra listamanna í sal Ráðhússins á 2. hæð

Helstu verkefni

Hluti af listaverkagjöf þeirra Arngríms og Bergþóru hefur nú verið í viðgerð hjá Ólafi Jónssyni forverði hjá Listasafni Íslands. Samkvæmt áætlun áttu verkin að koma til baka á árinu 2015 en ekki tókst að klára verefnið. Hluti verkanna, sem eru eftir konur, komu til baka í júní en eftir eru rúmlega 30 verk. Nú er ráðgert að verkunum verði skilað 1. Mars 2016. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni á þessu ári til að halda áfram með það verk en endurskilgreina þarf verkefnið og áætla upp á nýtt kostnað við að klára fara yfir þau verk sem eftir eru.

Einnig þarf að gera áætlun um framtíðarhúsnæði fyrir listaverkasafnið og sérstaklega þarf að gera ráðstafnir með geymsluhúsnæði sem uppfyllir kröfur um hýsingu á svo dýrmætum verkum en áætlað verðmat á listaverkasafni Fjallabyggðar er um 4 - 500.000.000 kr.

Bæjarlistamaður Fjallabyggðar

Markaðs- og menningarnefndar útnefni árlega bæjarlistamann Fjallabyggðar. Fyrir valinu árið 2016 var Alice Liu. Alice stendur fyrir fjölbreyttri starfsemi í Listhúsinu en hún sjálf mun vera með sýningu eða opið hús fyrsta vetrardag.

Menningarstyrkir - úthlutun fyrir 2016:

Samkvæmt ákvörðun markaðs- og menningarnefndar og bæjarráðs er eftirtöldum menningarstýrkjum úthlutað fyrir árið 2016. Ákvörðun staðfest af bæjarstjórn á fundi þann 25. nóvember 2015.

Arnfinna Björnsdóttir	50.000 kr.
Ljósmyndaklúbbur Fjallabyggðar	50.000 kr.
Gospelkór Fjallabyggðar	75.000 kr.
Félag eldri borgara í Ólafsfirði	100.000 kr.
Kvæðamannafélagið Ríma	100.000 kr.
Félag eldri borgara á Siglufirði	100.000 kr.
Eldri borgara kórin í Fjallabyggð	120.000 kr.
Kirkjukór Ólafsfjarðar	120.000 kr.
Norrænafelegið Ólafsfirði	150.000 kr.
Reitir	150.000 kr.
Ungmennafélagið Glói	150.000 kr.
Ragnheiður Brynjólfsson	200.000 kr.
Aðalheiður Eysteinsdóttir – Alþýðuhúsið	250.000 kr.
Listhúsið Ólafsfirði	250.000 kr.
Leikfélag Fjallabyggðar	300.000 kr.
Félag um Ljóðasetur Íslands	320.000 kr.
Sjómannadagsráð Ólafsfjarðar	600.000 kr.
Alls	3.085.000 kr.
Bæjarlistamaður	150.000 kr.
Salthúsið/karлакór (geymslupláss)	1.300.000 kr.

Eftir er að taka ákvörðun um styrk til Þjóðlagaseturs, Þjóðlagahátíðar Berjadaga og Blúshátíðar.

Greiðslur vegna vinnuframlags um jól og áramót:

Jólaball fyrir börn í Tjarnarborg (KF)	125.000 kr.
Áramótabrennur (KF)	400.000 kr.
Jólasveinar við tendrun jólatrjáa (KF)	110.000 kr.
Flugeldasýning á gamlárskv. –Ól.	200.000 kr.
Flugeldasýning á gamlárskv.-Sigl.	200.000 kr.
Þrettándabrenna á Siglufirði	300.000 kr.
Skíðafélag Ólafsfjarðar (kakó og pipark.)	60.000 kr.
Alls	1.395.000 kr.

Greiðslur vegna vinnuframlags á Öskudag:

Félagsmiðstöðin Neon	30.000 kr.
----------------------	------------

Menningarviðburðir

Á hverju ári eru haldnar stórar hátíðar í Fjallabyggð. Má þar nefna;

- Hátíð í tengslum við Sjómannadaginn sem Sjómannafélag Ólafsfjarðar skipuleggur
- Blúshátíð í Ólafsfirði sem Jassklúbbur Ólafsfjarðar skipuleggur 24. – 25. júní
- Reitir, alþjóðleg listasmiðja frá 18. júní – 2. júlí
- Þjóðlagahátíðin frá 6. – 9. júlí
- Síldarævintýrið í tengslum við verslunarmannahelgina, 29. – 31. júlí
- Berjadagar, klassísk tónlistarhátíð, í Ólafsfirði 18. – 20. ágúst.

Fjöldi minni viðburða verða svo á árinu sem einstaka aðilar og félagasamtök skipuleggja.

Kristinn J. Reimarsson
Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála